

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 935/2004
um innflutning gæludýra og hundasæðis.

1. gr.

Við 22. gr. bætist nýr liður:

- g) *Orthomyxoviridae*: Á síðustu þremur vikum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsóknna á mótefnum gegn orthomyxoveirum (Avian influenza H5 og H7). Reynist sýnið jákvætt er innflutningur óheimill.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 19. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum og 17. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.